

**ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF. HALDINN MIÐVIKUDAGINN
15. maí 2023 KL. 17:15 Í HÚSAKYNNUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19.**

FUNDARGERÐ

Ársæll Hafsteinsson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf., setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Þórður Ólafur Þórðarson yrði kosinn fundarstjóri og var tillagan samþykkt. Þórður tók við fundarstjórn og lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærán að afgreiða dagskrárefni. Aðspurðir kaus enginn fundarmanna að gera athugasemdir við það mat fundarstjóra. Til fundarins var boðað með bréfi sem sent var til sjóðfélaga dags. 29. apríl, auk þess sem auglýsing var birt í dagblaði þann 3. maí sl. og á heimasíðu sjóðsins.

Fundarstjóri vakti athygli fundarmanna að því að ekki væri ráðgert að fram færi stjórnarkjör, þar sem stjórn sjóðsins er kosin til tveggja ára og stjórnarkjör fór fram á ársfundi árið 2023.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að umfjöllun um skýrslu stjórnar, reikninga sjóðsins, sem og umfjöllun um fjárfestingarstefnu sjóðsins og tryggingafræðilega athugun færi fram í einu lagi, og að spurningar og athugasemdir varðandi þessa liði yrðu teknar í einu lagi. Sú tillaga fundarstjóra sætti ekki andmælum af hálfu fundarmanna.

Gengið var til dagskrár og mál afgreidd sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar

Ávarp **Ársæls Hafsteinssonar** stjórnarformanns LSBÍ:

Eins og þið þekkið hefur lífeyrissjóðurinn verið með varfærna og íhaldssama fjárfestingarstefnu þar sem vægi skuldabréfa er hátt. Hvað hlutabréf varðar hefur sjóðurinn haft þá stefnu að fjárfesta í ólíkum eignaflokkum, atvinnugreinum og landsvæðum til þess að dreifa áhættunni sem mest.

Á grunni þessarar stefnu býr sjóðurinn að farsælum árum og áratugum hvað ávöxtun eigna varðar, og hafa sjóðfélagar notið góðs af því í formi hækkaðra lífeyrisréttinda.

Undanfarin ár hafa verið afar sveiflukennd hvað ávöxtun eigna varðar. Árið 2021 var með þeim allra bestu um langt árabíl, en árið 2022 var síðan með þeim verstu sem sjóðurinn hefur upplifað, þegar allir eignaflokkar áttu erfitt uppdráttar.

Þó árið 2023 hafi verið mun betra fyrir lífeyrissjóðinn en árið 2022, einkenndist síðast liðið ár af töluverðum markaðssveiflum, bæði á erlendum og innlendum mörkuðum. Innlend hlutabréf lækkuðu þó töluvert meira en erlend hlutabréf og skuldabréf.

Þessar erfiðu markaðsaðstæður á síðustu árum hafa minnt okkur á mikilvægi þess að vera með dreift eignasafn sem gera sjóðinn betur í stakk búinn til að takast á við sveiflur á mörkuðum.

Stýrivaxtahækkunar Seðlabankans, sem hófust vorið 2021, héldu áfram á síðast liðnu ári þegar vextirnir hækkuðu um 3,25%, eða úr 6% í 9,25%. Þar standa þeir enn. Hækkun stýrivaxta á árinu 2023 og aðrir

Óvissuþættir í efnahagsmálum leiddu til þess að ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði á árinu, og þar með lækkaði virði þeirra.

Stór hluti eignasafns sjóðsins eru ríkistryggð skuldabréf útgefin af gamla Íbúðalánasjóði – sem nú kallast ÍL-sjóður. Í lok marsmánaðar á síðasta ári kynnti fjármála- og efnahagsráðherra áform ríkisvaldsins um að leggja fram lagafrumvarp sem myndi heimila slit og uppgjör á ÍL-sjóðnum. Í október síðastliðnum fylgdi ráðherrann síðan eftir þessum áformum og lagði frumvarpið fram á Alþingi.

Á öllum stigum málsins hefur lífeyrissjóðurinn, ásamt 17 öðrum lífeyrissjóðum sem hafa sömu hagsmuni að verja, komið á framfæri mótmælum við þessi áform stjórnvalda. Lífeyrissjóðirnir hafa frá upphafi staðið fast á því að uppgjör á skuldabréfum ÍL-sjóðs skuli miðast við fullt uppgjör samkvæmt skilmálum bréfanna, þar með talið að teknu tilliti til vaxtagreiðslna í framtíðinni.

Í febrúar síðast liðin hófust að frumkvæði stjórnvalda viðræður um uppgjör á skuldabréfum ÍL-sjóðs. Markmið með viðræðunum er að ná samkomulagi sem felur í sér að skuldabréfin verði gerð upp að fullu samkvæmt skilmálum þeirra og skilyrði sköpuð fyrir slitum ÍL-sjóðs. Lítið er enn að fréttu af þessum viðræðum, en við munum halda sjóðfélögum upplýstum um gang mála.

Löngu áður en yfirstandandi lota jarðhræringa á Reykjanesi hófst fjárfesti lífeyrissjóðurinn í félögum sem eiga beint eða óbeint í HS Orku, HS Veitum og Bláa lóninu. Þessi félög eru tryggð upp að ákveðnu marki gegn eignatjóni og rekstrarstöðvun. Einhverjar fréttir hafa borist um skemmdir á mannvirkjum vegna jarðhræringanna og ætla má að einhver samdráttur hafi orðið á tekjumyndum félaganna á undanförunum mánuðum. Af ársreikningum þeirra fyrir árið 2023 má hins vegar ætla að verðmæti þeirra hafi ekki skaðast enn. Enn ríkir óvissa vegna stöðunnar á Reykjanesi, landris er yfirstandandi og sérfræðingar segja okkur að fljótlega megi búast við nýjum eldsumbrotum. Við verðum bara að bíða og sjá hvernig þessum málum vindur fram.

Ávöxtun eigna sjóðsins á árinu 2023 var ekki sérlega góð, þó hún hafi verið mun betri en árið 2022. Nafnávöxtun ársins var 6,9%, en raunávöxtun eigna var neikvæð um 1%.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam rúmum 24,3 milljörðum króna í árslok 2023, og hafði lækkað um 173 milljónir króna á árinu.

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins námu metnar skuldbindingar sjóðsins um 25,1 milljarði króna við árslok 2023, og endurmetin hrein eign var á sama tíma rúmum 24,7 milljarðar króna. Í árslok 2023 voru metnar skuldbindingar því rúmum 367 milljónum hærri en endurmetin hrein eign sjóðsins á sama tíma, eða 1,46% af skuldbindingum. Staða sjóðsins í árslok var því neikvæð um 0,18%. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur mun hér á eftir gera nánari grein fyrir útreikningum sínum hvað þetta varðar.

Rétt er að taka fram að þessi 0,18% neikvæða staða hefur engin áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga, þau standa óbreytt. Við búum vel að því núna að hafa myndað borð fyrir báru þegar ákveðið var á ársfundi sjóðsins 2022 að hækka réttindi sjóðfélaga hóflega, eða um 6%.

Til nánustu framtíðar lítið er ljóst að það ríkir töluverð óvissa um ýmsa þætti. Stríðsrekstur er í gangi víða um álfur og órói ríkir í alþjóðastjórnámálum. Þetta ástand getur haft áhrif á erlenda fjármálamarkaði, sem aftur getur haft áhrif á þróun innlendra markaða. Þá höfum við áður rætt um óvissuna sem tengist áformum ríkisvaldsins um slit á ÍL-sjóði og jarðhræringunum á Reykjanesi.

Til að horfa á björtu hliðarnar má minna á að að meðaltal raunávöxtunar eigna sjóðsins síðast liðin tíu ár er 3,3%. Þá má einnig minna á að tryggingarfræðileg staða sjóðsins hefur um langa hríð verið afar góð, reyndar svo góð að frá árinu 2012 hafa réttindi sjóðfélaga verið aukin verulega, eða um samtals 37%. Í stuttu máli þýðir þetta að hámarks eftirlaunagreiðslur til sjóðfélaga sem færi á eftirlaun í dag hafa í raun hækkað úr 85% af umreiknuðum launum í rúmlega 100% af umreiknuðum launum. Eftirlaunagreiðslur til þeirra sjóðfélaga sem farið hafa á eftirlaun til þessa dags hafa hækkað enn meira, mest til þeirra sem fóru á eftirlaun fyrir lok árs 2014. Þetta hlýtur að teljast allgóð niðurstaða.

Hér á eftir mun Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, kynna helstu niðurstöður úr ársreikningi sjóðsins.

Þar á eftir munu Ólafur Örn Jónsson, sjóðsstjóri Eignastýringar fara nánar yfir ávöxtun sjóðsins og fjárfestingarstefnu hans. Og loks mun Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, fjalla um niðurstöður sínar á tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum.

Stjórn sjóðsins á starfsárinu skipuðu, auk mín, Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi og Brynja Þorbjörnsdóttir viðskiptafræðingur, MBA. Varastjórn skipuðu þau Lára Jóhannsdóttir, Bergrún Lilja Jónsdóttir og Sigurður Kristjánsson. Í endurskoðunarnefnd sjóðsins sátu Tryggvi E. Geirsson sem formaður, Brynja Þorbjörnsdóttir og Ásta Eyjólfsdóttir.

Ég tel að horfur sjóðsins til framtíðar séu góðar þrátt fyrir þá stóru atburði sem við höfum staðið frammi fyrir og þá óvissu sem enn ríkir. Staða sjóðsins er sterk og framtíð sjóðsins er á heildina litið björt.

Ágætu sjóðfélagar. Ég vil þakka góð samskipti við ykkur frá síðasta ársfundi. Ennfremur þakka ég meðstjórnendum mínum fyrir ánægjulegt og gott samstarf. Jafnframt þakka ég framkvæmdastjóra sjóðsins, starfsmönnum eignastýringar Arion banka og þeim sem koma með einum eða öðrum hætti að starfsemi sjóðsins kærlega fyrir gott samstarf og fagleg vinnubrögð.

Að lokum vil ég nefna að Snædís Ögn Flosadóttir hætti nýlega sem framkvæmdastjóri sjóðsins og hvarf til annara starfa innan Arion banka. Við þökkum Snædís kærlega fyrir afar gott og farsælt samstarf og faglega og góða vinnu fyrir sjóðinn okkar. Þá óskum við henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi innan bankans.

Við stöðu framkvæmdastjóra sjóðsins hefur tekið Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, sem hefur undanfarin ár sinnt starfi staðgengils regluvarðar Arion banka. Guðmundur er lögfræðingur að mennt og hefur starfað hjá Arion banka síðast liðin 13 ár við góðan orðstír og þekkir vel til sjóðsins okkar. Við bjóðum Guðmund velkomin til starfa og væntum mikils af störfum hans í framtíðinni.

2. Kynning á ársreikningi

Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, framkvæmdastjóri LSBÍ, fór yfir lykilatriði í ársreikningi LSBÍ 2023 sem og yfirferð á breytingu á hreinni eign 2023, þróun iðgjalda og lífeyrisgreiðslna, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Iðgjöld á árinu 2023 námu 11,4 mkr. og lækkuðu um 11,3% á milli ára, en þar af voru iðgjöld sjóðfélag 1,6 mkr., iðgjöld launagreiðenda voru rétt rúmlega 6 milljónir, auk þess sem fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði nam 3,8 mkr. Lífeyrisgreiðslur námu 1,8 mkr. og jukust um 6,2%, hreinar fjárfestingartekjur námu 1,6 mkr., rekstrarkostnaður jókst um fjórar milljónir króna sem skýrist aðallega af hækkun á lögfræðikostnaði sem er til kominn vegna hagsmunagæslu vegna ÍL-sjóðs og uppfærslu á

rekstrarsamningnum. Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris nam 24,36 makr. og lækkaði um 0,7% á milli ára. Einnig fór Guðmundur yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi.

Guðmundur fór yfir helstu skýringar og kennitölur í ársreikningnum, þ.e. rekstrarkostnað og greiddan lífeyri á árinu 2023, og vakti að lokum athygli á upplýsingagjöf á heimasíðu sjóðsins og skráningu á póstlista.

3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringarfagfjárfesta kynnti ávöxtun og eignastýringu LSBÍ. Farið var yfir þróun markaða á árinu 2023 og þróun á helstu eignaflokkum á árinu 2023 samanborið við árið 2022. Nafnávöxtun LSBÍ á árinu 2023 var -6,6% en -1,3% á raun. Hjörleifur sagði að við erum með háavexti og háa verðbólgu sem telur hressilega í raunávöxtunina, allir eignaflokkar hefðu þó skilað ávöxtun á árið 2023. Hjörleifur sýndi ávöxtun sl. 27 árin, meðalávöxtun sjóðsins var 5,5%. Hjörleifur fór yfir fimm stærstu skuldabréf sjóðsins, hlutfall skuldabréf fjármálafyrirtækja og skuldabréf með ábyrgð bæjar og sveitarfélaga. Farið var yfir fimm stærstu hlutafélög í skráðum og óskráðum. Hjörleifur sagði frá innlendum sérhæfðum fjárfestingum sjóðsins. Aukning á árinu í eignaflokkum var lítil, óveruleg breyting eigna og litlar tilfærslur innan skuldabréfasafni sjóðsins, áhersla á varfærna stefnu er óbreytt. Erlendar eignir eru um 10%, helmingur í hlutabréf en í sérhæfum skuldabréfum er um 1%. Hjörleifur sagði frá grein um sérhæfa fjárfestingar á heimasíðu sjóðsins.

Hjörleifur fór yfir ávöxtun og eignastýringu á árinu 2024. Fór yfir þróun fjárfestingarstefnu LSBÍ frá árinu 2020 til ársins 2024.

Fjárfestingarstefna sjóðsins, Hjörleifur sagði mikinn metnaður lagður í fjárfestingarstefnuna ár hvert, hann sagði þetta vera hefðbundið í þriggja mánaðarferli. Varfærin stefna sjóðsins erlendareignir hafa farið úr 12% í 10%, fjárfesta frekar í skuldabréfum sem er góð fjárfesting fyrir sjóðinn. Hjörleifur sýndi samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingasjóða, þar kom fram að fjárfestingastefna LSBÍ væri mjög íhaldsöm.

4. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar m.v. 31. desember 2023. Bjarni fór yfir forsendur og reiknaðferð við matið. Samanburður á eignum lífeyrissjóðsins og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris. Skuldbindingar eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga. Vænt niðurstaða metin með tölfræðilegum líkönum. Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998. Frávik eru heimil ef það er talið gefa betri mynd af stöðu viðkomandi sjóðs. Mikilvægustu forsendur eru um vexti og lífslíkur. Lífslíkur eru reiknaðar skv. reiknigrundvelli Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2020 með spá um áframhaldandi lengingu meðalævi. Hjá LSBÍ hefur slík spá verið notuð frá árinu 2015 er nú orðin hluti af staðalforsendum allra lífeyrissjóða. Örorkulíkur eru 60% af meðaltali reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 2011-2016 (frávik frá staðalforsendum). Ávöxtun 3,5% umfram hækkun verðlags. Heildarstaða sjóðsins í alok árs 2023 er -1,46%. Allar forsendur og aðferðir óbreyttar frá fyrra ári.

Eftir umfjöllun tryggingastærðfræðings sjóðsins var sjóðfélögum gefinn kostur á að bera fram spurningar og koma með athugasemdir við skýrslu stjórnar, reikninga sjóðsins, fjárfestingarstefnu sjóðsins, ávöxtun hans og tryggingafræðilega athugun.

Sjóðfélagi, Björg að nafni, lagði spurningu fyrir tryggingastærðfræðing sjóðsins um það hver væri reiknaður meðalaldur sjóðfélaga. Bjarni svaraði því til að hann væri rétt tæplega 75 ár, meðaltal fyrir konur og karla. Einnig spurði Björg að því hvað reiknað væri með að sjóðurinn yrði lengi starfandi. Bjarni svaraði að miðað við áætlun í greiðsluflæði þá mætti gera ráð fyrir að síðustu greiðslurnar úr sjóðnum yrðu um 2070.

Ekki komu fleiri fyrirspurnir fram.

Að því loknu lagði fundarstjóri skýrslu stjórnar og ársreikning LSBÍ 2023 fyrir fundinn til samþykktar.

Skýrsla stjórnar og ársreikningurinn voru samþykkt samhljóða.

5. Tillaga stjórnar til samþykktabreytinga

Næst á dagskrá voru tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum. Fundarstjóri gat þess að tillögur að samþykktarbreytingunum hefðu verið kynntar með þeim hætti sem áskilið væri í samþykktum sjóðsins og væru tækar til meðferðar á fundinum og gerði enginn fundarmanna athugasemd við það mat fundarstjóra. Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra því næst að kynna samþykktarbreytingarnar. Guðmundur vísaði til glærukynningar og sagði að um væri að ræða tvær tillögur til breytinga á samþykktunum. Annars vegar væri um að ræða breytingu sem fólst í því að ef það á að skipa einstakling í endurskoðunarnefnd sjóðsins, sem væri ekki stjórnarmaður, þá skal hann tilnefndur í endurskoðunarnefnd af ársfundi lífeyrissjóðs. Hins vegar felst breytingartillagan í því að ársfundur geti kosið endurskoðunarfyrtæki til að fara með störf endurskoðanda, í stað þess að kosinn sé tiltekinn endurskoðandi til að fara með það hlutverk. Þessi breyting sagði Guðmundur að væri í samræmi við venju og gildandi lög.

Þegar Guðmundur hafði lokið máli sínu bar fundarstjóri tillögur stjórnar undir fundinn og spurði hvort einhver vildi taka til máls. Enginn tók til máls og lagði fundarstjóri tillögurnar undir fundinn til samþykktar. Kosið var um hvora tillöguna fyrir sig og voru þær báðar samþykktar samhljóða.

6. Kjör endurskoðanda

Næst á dagskrá var kjör endurskoðanda og kynnti fundarstjóri tillögu stjórnar um að tilnefna Grant Thornton sem endurskoðunarskrifstofu og Davíð Arnar Einarsson sem endurskoðandi fyrir yfirstandandi ár.

Fundarstjóri spurði fundinn hvort einhver vildi taka til máls og hvort aðrar tillögur væru gerðar. Svo var ekki og enginn tók til máls og lagði fundarstjóri tillögu stjórnar undir fundinn til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Tillaga að nefndarmanni í endurskoðunarnefnd

Fundarstjóri kynnti þá tillögu stjórnar að skipa Ástu Eyjólfsdóttur í endurskoðunarnefnd sjóðsins, í samræmi við ákvæði laga og nýsamþykktu breytingu á samþykktum sjóðsins. Fundarstjóri lýsti orðið laus um þessa tillögu stjórnar en enginn tók til máls. Engar aðrar tillögur komu fram.

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða.

8. Laun stjórnarmanna

Fundarstjóri kynnti næsta mál á dagskrá sem var tillaga stjórnar um greiðslu stjórnarlauna fyrir yfirstandandi starfsár. Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra að kynna tillögu stjórnar. Guðmundur tók til máls og sagði að um væri að ræða hóflega 3,25% hækkun á stjórnarlaunum frá fyrra starfsári, sem væri hækkun í takt við nýsamþykktu kjarasamninga. Tillaga stjórnar var að aðalmenn skyldu fá 169.330 kr. Á mánuði, formaður stjórnar 281.872 kr. á mánuði og varamenn 68.145 kr. fyrir hvern setinn fund.

Að lokinni kynningu Guðmundar lýsti fundarstjóri orðið laust um tillögu stjórnar, en enginn fundarmanna kaus að tjá sig. Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar undir fundinn til samþykktar og var tillagan samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál.

Fundarstjóri upplýsti fundinn um að engin önnur mál hefðu verið lögð fyrir fundinn til umræðu eða afgreiðslu og spurði fundarmenn hvort einhver þeirra vildi bera upp slíkt mál, en engar fyrirspurnir komu fram.

Fleira var ekki tekið fyrir þar sem dagskrá fundarins var tæmd. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara. Þakkaði hann fundinum fyrir góðan fund og afhenti fundarstjórn til stjórnarformanns sjóðsins.

Að lokum tók stjórnarformaður til máls, þakkaði fyrir góðan fund, góða mætingu og gefandi samveru og sleit fundi formlega kl. 18:19.

Reykjavík, 15. maí 2024

Þórður Ólafur Þórðarson fundarstjóri

Unnur Elín Jónsdóttir ritari